

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Við b-lið 1. mgr. 109. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Auk þess til *MA*-prófs: Evrópsk tungumál, saga og menning, í samvinnu við sagnfræði- og heimspekideild, sbr. 1. mgr. 115. gr.

2. gr.

d-liður 1. mgr. 111. gr. breytist og orðast svo:

Til *meistaraprófs*: Embættispróf í guðfræði (*mag. theol.*), meistaranám í guðfræði (*MA* – einungis fyrir þá sem hafa lokið cand. theol.-gráðu), meistaranám í trúarbragðafræði (*MA*) og meistaranám til kennslu í kristinfræði og trúarbragðafræði (*MA*).

3. gr.

Við upptalningu í 1. málslíð b. liðar 1. mgr. 113. gr., á eftir orðinu íslenskukennsla, bætist listfræði.

4. gr.

Við b-lið 1. mgr. 115. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Auk þess til *MA*-prófs: Evrópsk tungumál, saga og menning, í samvinnu við deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, sbr. 1. mgr. 109. gr.

5. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 21. desember 2011.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.